Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík 09.03.2017

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 8. mars 2017 varðandi eftirfarandi mál.

**Eiðsgrandi - Ánanaust**
Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar, dags. 16. febrúar 2017, þar sem gerð er athugasemd við birtingu auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda um samþykkt deiliskipulagsins þar til fundin er úrlausn á því að fram kemur í greinargerð að ekkert deiliskipulag sé í gildi á svæðinu en hins vegar er í gildi deiliskipulag Ánanausts frá 1997 sem nær að hluta inn á deiliskipulagið Ánanaust - Eiðsgranda. Lagt fram að nýju ásamt uppdrætti Hornsteina arkitekta og Reykjavíkurborgar, dags. 31. október 2016, lagfærður 2. mars 2017.

*Samþykkt.*
*Vísað til borgarráðs.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Harri Ormarsson

Fylgiskjal: uppdr. Hornsteina arkitekta og Reykjavíkurborgar, dags. 31. október 2016, lagfærður 2. mars 2017.




DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR 1:2000

0.00 m 100m 200m



HLUTI AÐALSKIPULAGS REYKJAVÍKUR 2010-2030

| | |
|---|---|
| | Mörk skipulagssvæðis |
| | Sveitarfélgasmörk |
| | Lóðarmörk (innan deiliskiplagssvæðis) |
| | Núv. varnargarður (4m) |
| | Nýr/viðbótar varnargarður (4m) |
| | Göngustígur (3m) - að mestu "í stæði" núv. stígs |
| | Nýr hjólreiðastígur (2.5m) |
| | Núv. aðkomuvegur v. sérbíla/viðhalds Tryggja skal öryggi vegfarenda |
| | Gróðuruppbygging/sjálfbærni |
| | Lágar "öldur" í landi/landmótun - þar sem því er við komið Gróðuruppbygging/sjálfbærni |
| | Aðgengi að fjöru |
| | Útsýnispallar |
| | Núv. áningastaðir |
| | Fornminjar |
| | Núv. grjótlager (verður fjarlægður) |
| | Núv. götulýsing |




TILLAGA AÐ ÚTFÆRSLU AÐ ÚTSÝNISPALLI
SNEIÐING A-A, mkv. 1:200




LEIÐBEINANDI SNEIÐING B-B, mkv. 1:200

## Inngangur

Strandlengjan við Eiðsgranda-Ánanaust er eitt stærsta græna svæðið í Vesturbæ Reykjavíkur. Svæðið hefur mikið gildi sem útivistarsvæði og gegnir sem slíkt mikilvægu hlutverki í samfélaginu öllu. Nauðsynlegt er að styðja áfram jákvæða þróun þess og uppbyggingu.

## 1. Fyrirliggjandi skipulagsáætlanir

### 1.1 Aðalskipulag

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er landnotkun skipulagssvæðisins skilgreint sem „Strandsvæði" – ST8 með eftirfarandi hætti:

*Strandsvæði (ST). Svæði innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgengi almennings er tryggt og mannvirkjagerð er haldið í lágmarki. (gr. 6.2.w. í skipulagsreglugerð). ST8. Eiðsgrandi -Ánanaust. Strandsvæði. Gert er ráð fyrir aðgengi að sjávarmálinu verði bætt.*

### 1.2 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið.

## 2. Skipulagssvæðið

### 2.1 Afmörkun og lega

Skipulagssvæðið er um 5.5 ha að stærð og afmarkast af sveitarfélagsmörkum við Seltjarnarness til vesturs; til austurs af lóðarmörkum bensínstöðvar Olís og Hreinsistöðvar Reykjavíkurborgar við Ánanaust; , til suðurs af stofnbrautunum Ánanaust og Eiðsgranda og íbúðarbyggðinni þar og til norðurs af strandlengjunni sjálfri.

### 2.2 Staðhættir

Skipulagssvæðið er staðsett í jaðri Vesturbæjar; gamalgróins borgarhluta með sterka ímynd.

Innan svæðisins er að finna eina af stærri **dælustöðvun** borgarinnar og ýmsa fráveitubrunna og stöðvar henni tengdri. Með tilkomu dælustöðvarinnar hvarf mengun í fjöruborði og fjaran varð aftur aðlaðandi til útivistar. Við dælustöðina er útsýnisskífa og aðgengi að fjöru um tröppur yfir núverandi sjóvarnargarð.

Hluti skipulagssvæðisins er byggt á landfyllingu þ.e.a.s. svæðið austan við núv. dælustöð, en ströndin vestan hennar er heilleg og sker óröskuð.

Lokið var við gerð núv. **sjóvarnargarða** við Ánanaust og Eiðsgranda á árunum 1995-1996.

Sjóvarnargarðurinn sem liggur meðfram strandlengjunni allri er 4m breiður. Um er að ræða hefðbundna grjótvörn úr stórgrýti (2-5 tonn). Halli fláa er 1 : 1,5. Hæð garðsins í dag er frá 5.45- 6.4 m í hæðarkerfi Reykjavíkur . Hæð hans er að mestu miðuð við að útsýni sér frá nærliggjandi stígum, götum og húsum.

Meðfram núverandi sjóvarnargarði liggur 3m malbikaður **göngu- og hjólastígur** (stofnstígur)

**Eiðsgrandi** er skilgreindur sem þjóðvegur í þéttbýli og því með veghelgunarsvæði. Umsjón og veghaldari er Vegagerðin. **Ánanaust** er hins vegar borgargata skv. skilgreiningu ASK. 2010-2030 og gegnir skv. því margþættu hlutverki í borgarlandslaginu. Báðar göturnar eru skilgreindar sem stofnbrautir

## 3. Markmið deiliskipulagsins

Sem hluti af framtíðarsýn svæðisins eru hér sett fram eftirfarandi **meginmarkmið** :

- *að bæta möguleika til útivistar og áninga allt árið um kring;*
- *að tryggja góð tengsl um svæðið fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og stuðla að vistvænni samgöngum;*
- *að tryggja öryggi með bættri sjóvörn;*
- *að auka náttúru- og menningarleg verðmæti svæðisins eins og kostur er;*
- *að stuðla að sjálfbærri þróun og sjálfbæru umhverfi m.a. með gróðuruppbyggingu vannýttra og raskaða svæða sem og styrkja það lífkerfi sem fyrir er;*
- *að stuðla að vistvænni hönnun og efnismeðferð við útfærslur mannvirkja og yfirborðs;*
- *að skapa kennileiti og styrkja list i almenningsrými*

## 4. Skipulagstillagan

### 4.1 Göngu- og hjólreiðastígar

Stígkerfið verður styrkt til muna og **umferðaröryggi** bætt t.d. með því að aðgreina göngu- og hljóðreiðastíga. Deiliskipulagið sýnir leiðbeinandi legu stíga og mun lega þeirra ákveðin við nánari hönnun svæðisins. Ekki hefur verið ákveðið hvort hjólreiðastígurinn liggi meðfram sjónum eða Ánanausti við bensínustöðina.

Stofnstígurinn er alla jafna 3m breiður sem og tengistígar. Tengistígarnir flétta saman byggð og útivistarsvæðið og eru ætlaðir gangandi og hjólandi umferð. Breidd hjólastígsins skal almennt vera minnst 2.5m.

Við nánari útfærslu, legu og hönnun stíganna verður sérstök áhersla lögð á öryggi og aðgengi fyrir alla. Þá skal þess gætt að hvíldar-og hjólastæði verði staðsett á lykilstöðum.

**Yfirborðsefni**
Stígar eru almennt malbikaðir, en yfirborðsefni áningastaða skulu taka mið af staðháttum og umhverfi við nánari útfærslu hverju sinni, t.d. timbur náttúruhellur, steinar og corteinsstál.

**Aðgengi fyrir alla**
Rík áhersla er lögð á aðgengi fyrir alla. Má þar nefna hæðarafstöðu yfirborð stíga, fjölgun áningastaða/bekkja meðfram gönguleiðum, liti í yfirborðsflötum og angan gróðurs.

### 4.2 Menningar- og náttúruminjar

Skv. Forleifaskrá eru níu fornminjar innan deiliskipulagssvæðisins. Skv. 21. gr laga um menningarminjar 80/2012 má enginn spilla, granda, breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað menningarminjar nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Deiliskipulagssvæðið hefur í gegn um tíðina verið raskað með uppfyllingum og grjónarnargarði og eru því mikið af fornleifum því horfnar að öllu eða að hluta. Í samræmi við 24. gr. sömu laga skulu framkvæmdir stöðvaðar og tilkynntar til Minjastofnunar Íslands ef áður ókunnar fornminjar finnast við framkvæmd. Sjá nánar Fornleifaskráning norðan Eiðsgranda og Ánanausts í Reykjavík - drög að fornleifaskráningu,dags 17.11.2016.

Í deiliskipulaginu er áhersla lögð á að efla frekar aðstöðu til náttúruskoðunar og fræðslu s.s. með upplýsingaskiltum um t.d. hafið og lífríki þess, fuglalíf svæðisins, landslag og kennileyti og sögu svæðisins. Þannig fléttast saman fræðsla um svæðið og fjölbreytt útivist.

### 4.3 Sjóvarnargarður

Í deiliskipulaginu er núverandi 4m sjóvarnargarður breikkaður um aðra 4m inn í land og lítillega hækkaður. Breytingarnar miða að því að minnka ágjöf sjávar og hættu á skemmdum á mannvirkjum s.s. stígum. Verður heildarbreidd garðsins að ofan um 8m og uppfyllir því skilyrði um örugga sjövörn.

Gert er ráð fyrir óverulegri hækkun (um 300mm). Sjónlína akandi og gangandi vegfaranda yfir sjávarflötin er varðveitt og skerðist því ekki.

Við breikkun á sjóvarnargarðinum gefst kjörið tækifæri að nýta þá sem hluta að upplifun svæðisins, t.d. með gönguleið ofaná þeim að hluta, tröppum, set- og útsýnispöllum. Gæta þarf sérstaklega að öryggi við nánari útfærslu.

Gert er ráð fyrir að grjót í sjóvarnargarðinn verður tekið úr grjótlagernum við Ánanaust, Grafarvogi og öðrum grjótlagerum í eigu Reykjavíkurborgar.

### 4.4 Áningastaðir

**Áningastaðir** skulu styrktir frekar meðfram göngustígum innan skipulagssvæðisins. Við nánari útfærslu, staðsetningu og hönnun skal áhersla lögð á nútímalega hönnun sem jafnframt er hagkvæm í viðhaldi og rekstri. Þá skal stuðlað að byggingu á e-k „**hliðum / vörðum**" þar sem göngustígar liggja inn á svæðið eða þar sem stígar liggja saman á krossgötum; bæði sem hluti af öryggi gangandi- og hjólandi og sem hluti umhverfismótunar og staðarprýðis.

Hvatt er til **listar** í almenningsrými og áhugaverðum **kennileitum** (sbr. 4.5 Útsýnispallar).

### 4.5 Útsýnispallar

Einn útsýnispallur er innan skipulagssvæðisins - auk þess sem fyrir er við dælustöðina - þar sem útsýni er best og umhverfigæði hvað mest. Verður hann e-k kennileiti svæðisins og byggður út frá sjóvarnargarðinum. Lögð er áhersla á vistvæn efni og nútímalega hönnun hans sem jafnframt er hagkvæm í viðhaldi og rekstri. Mannvirkið þarf að falla vel að landslagi og höfða til mismunandi gesta og markhópa; Gæta skal sérstaklega að öryggi gesta.

### 4.6 Aðgengi að fjöru

Aðgengi að fjöru er styrkt við Eiðsgranda á tveimur stöðum. Gestir svæðisins geta því – þegar aðstæður leyfa – notið strandarinnar til útivistar og þeirra náttúrminja sem þar er að finna.

### 4.7 Gróðuruppbygging

**Gróðuruppbygging**
Í deiliskipulaginu er lagt til að gróður verði stór hluti af yfirbragði svæðisins og ásýnd þess. Lögð er áhersla á að styrkja líffræðilega fjölbreytni og að það endurspeglist í gróðurvali. Taka skal mið af staðháttum og velja strandplöntutegundir sem þrífast í návígi við hafið t.a.m. melgresi, sæhvönn, fjörukál, blálilju og baldursbrá. Sérstaklega skal stefnt að því að byggja upp fjölbreytta gróðurþekju á vannýttum eða röskuðum svæðum og svæðum þar sem gróðurþekja er rýr eða fábreytt. Stefnt skal að aukinni sjálfbærni með því að hanna gróðursvæði sem krefjast minni umhirðu og sem þurfa ekki slátt. Efla skal svæðið sem uppsprettu fræðslu og náttúruupplifunar.

### 4.8 Grjótlager við Ánanaust

Uppsafnað stórgrýti (allt að 5 tonna steinar) við Ánanaust verður fjarlægður. Stefnt er að því að nýta grjótið til uppbyggingar innan svæðisins; t.d. sem hluta af landmótun – og stærsta grjótið jafnvel í breikkun sjóvarnargarðsins -.

### 4.9 Útigögn

Gert er ráð fyrir að að göngu- og hjólastígar verði upplýstir. Öll útigögn svo sem merkingar /skilti, vegvísar, bekkir, vatnspóstar, hjólastæði, raflýsing (pollar) – ef svo ber undir - , verða samræmd yfir allt svæðið.

### 4.10 Efnisval

Áhersla er lögð á hagkvæma og einfalda efnisnotkun hvívetna; efni sem falla vel að umhverfi sínu, spila vel saman innbyrðis, veðrast vel og hæfa því hlutverki sem þau eiga að gegna. Sjálfbærni skal höfð að leiðarljósi og vistfræðileg gildi eru í fyrirrúmi.

### 4.11 Áfangaskipting

Auðvelt er að stuðla að **hagkvæmni** í uppbyggingu svæðisins, t.d. með skiptingu í minni framkvæmdaráfanga, sem hver um sig er sjálfstæð eining stærri heildar.

## 5. Umhverfismat

Breikkun og hækkun sjóvarnargarðsins fellur undir undir lög um mat á umhverfisáhrifum en þar stendur í lið 10.23 - C

"Mannvirki til að verjast rofi á strandlengjum utan verndarsvæða, t.d. með stíflugörðum, brimbrjótum, hafnargörðum og öðrum varnarmannvirkjum gegn ágangi sjávar. Landfyllingar þar sem áætluð uppfylling er allt að 5 ha. Undanskilið er viðhald og endurbygging framangreindra mannvirkja"

Framkvæmdin tekur til afmarkaðs svæðis og eru umhverfisáhrifin að mati framkvæmdaraðlina talin óveruleg.

Í töflu hér að neðan eru tekin saman þau áhrif sem breyting á sjóvarnargarðinum hefur á helstu umhverfisþætti. Hverjum umhverfisþætti er gefin einkum með táknunum - (neikvæð áhrif), + (jákvæð áhrif), 0 (engin áhrif)

| Umhverfisþættir | Áhrif skipulagsáætlunar | | | Skýring |
|---|---|---|---|---|
| | - | + | 0 | |
| Landslag - ásýnd | | | X | Gert er ráð fyrir að hækkun sjóvarnargarði verði aðeins um 300mm og sjónlínu akandi og gangandi vegfaranda yfir sjávarfötin því varðveitt |
| Félagslegir þættir -útivist og tómstundir | | X | | Aðgengi að fjöru er styrkt á tveimur stöðum og því auðveldara að nota ströndina til útivistar. |
| Andrúmsloft og veðurfar | | | X | Ekki er gert ráð fyrir því að breyting á sjóvarnargarði hafi áhrif á andrúmsloft og veðurfar. |
| Mannvirki | | X | | Skv. Skýrslu Almennu verkfræðistofunnar "Ánanaust - Eiðsgranda, sjóvarnir" dags mars 2007, hefur orðið talsvert af skemmdum á mannvirkum vegna ágjöf yfir garðinn. Styrking garðsins myndi því hamla því. |
| Gróður | | X | | Styrking sjógarðs hindrar að jarðefni skolast burt og sjór flæði ekki yfir i gróðursvæði. |
| Heilsa og öryggi | X | | | Mengun, einhver hávaði og slysahætta vegna vinnuvéla getur stafað frá vinnuvélum meðan á verktíma stendur. Þetta er tímabundið og mun framkvæmdaraðili reyna að draga úr þessum neikvæðu þáttum eins og kostur er. |

Deiliskipulag þetta sem hefur fengið meðferð í samræmi við ákvæði 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010, var samþykkt í

______________________________

þann ______20______ og í

______________________________

þann ______20______.

Tillaga var auglýst frá __________20 ______
með athugasemdafresti til ________20______.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _______20______.

Breyting:
2.3.2017 Skipulagsmörk við Ánanaust færð til vesturs eftir athugasemd Skipulagsstofnunar. Ekki er talin þörf á að endurauglýsa tillögu þar sem færsla á skipulagsmörkum hefur engin áhrif á íbúa í nágrenninu, né notendur svæðisins eða uppbyggu svæðisins í heild.

Reykjavík

# EIÐSGRANDI - ÁNANAUST
## STRANDGARÐUR
## TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI

Dags: 31.okt. 2016
Mælikvarði: 1: 2000

Teikn. nr 01

hornsteinar
ARKITEKTAR EHF

VINNUSTOFA INGÓLFSSTRÆTI 5, 101 REYKJAVÍK
SÍMI: 511-7011
NETFANG: hornsteinar@hornsteinar.is

Skipulagsstofnun

Reykjavíkurborg, umhverfis og skipulagssvið
Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi
Borgartúni 12 - 14
105 Reykjavík

Reykjavíkurborg
Skipulagsfulltrúi
Mótt. 23. FEB. 2017 sign
Skjalanr. Ábm.

Reykjavík, 16. febrúar 2017
*Tilvísun: 201611016* / 3.4

## Efni: Deiliskipulag Ánanaust - Eiðsgrandi, Reykjavíkurborg.

Reykjavíkurborg hefur, með erindi dags. 2. feb. 2017, sent Skipulagsstofnun deiliskipulag fyrir strandlengjuna við Ánanaust - Eiðsgranda til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 41. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 23. jan. 2017. Deiliskipulagið var samþykkt til auglýsingar í borgarráði 1. des. 2016. Engar athugasemdir bárust á kynningartímanum. Umsögn Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í deiliskipulaginu felst breikkun á sjóvarnargarði, frágangur göngu- og hjólastíga og áningastaða m.m.

Deiliskipulagið er sett fram á kortblaði með greinargerð og uppdrætti í mkv. 1: 2000, dags. 31. okt. 2016. Framsetning og efni eru með ágætum.

Fram kemur í greinargerð að ekkert deiliskipulag sé í gildi á svæðinu. Það er hinsvegar ekki rétt þar sem í gildi er deiliskipulag Ánanausts frá 1997 og það nær að hluta inn á deiliskipulagssvæði Ánanausts – Eiðsgranda, sjá meðfylgjandi afrit. Skipulagsstofnun gerir því athugasemd við að birt verði auglýsing um samþykkt deiliskipulagins þar sem finna þarf lausn á því máli.

Málfríður K Kristiansen

# SKIPULAG VIÐ ÁNANAUST
GREINARGERÐ - SKILMÁLAR

## Forsendur:

Viðfangsefni skipulagstillögunnar er að breyta lóð Olís og staðsetja lóð fyrir söluskála Akið Takið á fyllingu sjávarmegin við Ánanaust. Skipulag á lóð hreinsistöðvar og aðkoma að hreinsistöð og gámastöð Sorpu er óbreytt skv. samþykktu skipulagi frá 1992, en lóðarmörkum hreinsistöðvar er breytt frá útgefnu mæliblaði nr. 1.130.0 dags. 05.07.96. Miðað er við að aðeins ein innakstursleið og ein útakstursleið tengi svæðið við Á

## Umferð:

Hringtorg eru á gatnamótum Ánanausta / Hringbrautar og Ánanausta / Mýrargötu.
Sameiginlegur innakstur er frá Ánanaustum inn á lóðir hreinsistöðvar, bensínafgreiðslu Olís, söluskála Akið Takið og gámastöðvar Sorpu í u.þ.b. 50 metra fjarlægð frá hringtorgi. Útakstur er sameiginlegur fyrir lóðir hreinsistöðvar, Olís og Akið Takið út á Ánanaust. Útakstur fyrir lóð Sorpu er fyrirhugaður út á Fiskislóð.

## Gönguleiðir:

Gönguleið, sem er hluti af gönguleiðakerfi Reykjavíkurborgar, er meðfram strandlengjunni við Ánanaust. Gangbrautir eru yfir Ánanaust við hringtorg og tengjast aðalgöngustígum Hringbrautar og Mýrargötu. Gangbraut er einnig yfir Ánanaust á móts við Vesturgötu.

## Lóð fyrir bensínstöð OLÍS:

Núverandi bensínstöð var byggð til bráðabirgða með leyfi frá 1984 og mun hún víkja fyrir nýrri bensínstöð.
Samkvæmt bréfi borgarstjóra dags. 25.3 1970 var þá samþykkt í borgarráði að OLÍS fái lóð á endanlegri fyllingu við Ánanaust.
Í skipulagstillögunni er reiknað með að ný lóð fyrir fyrir bensínstöð verði ca. 2229 fm.
Hús má vera ein hæð, hámarksstærð byggingar á lóðinni er 210 fm.
Kvöð er um gegnumakstur á lóðinni.
Kvöð er um lagnaleiðir fyrir frárennslislagnir Reykjavíkurborgar að hreinsistöð og samstarf skal hafa við gatnamálstjóra um hönnun og framkvæmdir á lóðinni.
Byggingar og undirstöður mannvirkja, sem eru nálægt frárennslislögn skulu þannig gerð að grafa megi hindrunarlaust frá frárennslislögnum.
Við hönnun og framkvæmdir skulu lóðarhafar hafa samstarf við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

## Lóð fyrir söluskála AKIÐ TAKIÐ:

Núverandi söluskúr hefur verið staðsettur til bráðabirgða á svæðinu um nokkurt árabil, eigendur hans hafa fengið loforð um úthlutum nýrrar lóðar fyrir söluskála.
Í skipulagstillögunni er reiknað með að ný lóð fyrir fyrir söluskála verði ca. 1238 fm.
Hús má vera ein hæð, hámarksstærð byggingar á lóðinni er 175 fm.
Kvöð er á lóðinni um gegnumakstur.
Kvöð er um lagnaleiðir fyrir frárennslislagnir Reykjavíkurborgar að hreinsistöð og samstarf skal hafa við gatnamálstjóra um hönnun og framkvæmdir á lóðinni.
Byggingar og undirstöður mannvirkja, sem eru nálægt frárennslislögn skulu þannig gerð að grafa megi hindrunarlaust frá frárennslislögnum.
Við hönnun og framkvæmdir skulu lóðarhafar hafa samstarf við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

BORGARSKIPULAG REYKJAVÍKUR
Samþykkt í skipulagsnefnd 1.130.0 27.01.97
Samþykkt í borgarráði 28.01.97
Samþykkt í borgarstjórn

BORGARSKIPULAG REYKJAVÍKUR
Samþykkt í skipulagsnefnd 113 27.01.97
Samþykkt í borgarráði 28.01.97
Samþykkt í borgarstjórn

MÓTTEKIÐ
24 JAN. 1997
BORGARSKIPULAG REYKJAVÍKUR

30.97 **Ánanaust,** *umferðarskipulag*
10182 Lögð fram tillaga borgarverkfræðings að umferðarskipulagi Ánanausta.
1.13 *Nefndin samþykkir skipulagið, en áhersla skal lögð á örugg göngutengsl við göngustíg meðfram sjó.*
*Vísað til umhverfismálaráðs hvað varðar göngustíga.*

31.97 **Ánanaust/söluskáli/bensinstöð,** *skipulag lóða*
9633 Lagt fram bréf Arkitekta Gunnars og Reynis s.f. dags. 15.01.97, varðandi lóðamörk
1.130.0 söluskála og bensinstöðvar við Ánanaust, samkv. uppdr. Arkitekta Gunnars og Reynis s.f., dags.15.01.97, breytt 24.01.1997.
*Samþykkt.*

4. **010.97 Ánanaust, skipulag.** Umhv.m.ráð 5.2.97
Kynnt skipulag við Ánanaust samkvæmt uppdrætti Arkitekta Gunnars og Reynis s.f., dags. 24. f.m.

Umhverfismálaráð samþykkti eftirfarandi samhljóða:
Umhverfismálaráð telur tillögur að gönguleiðum yfir Ánanaust ásættanlegar. Ráðið telur þó ekki hægt að beina umferð gangandi fólks að göngustíg meðfram ströndinni og fyrirhugaðri verslun öðru vísi en að öryggi þeirra verði betur tryggt, s.s. með göngúljósum.
Umhverfismálaráð bendir á að afar ólíklegt er að nokkur trjágróður muni þrífast á þeim stöðum sem tillagan gerir ráð fyrir og leggur því til að fundin verði önnur lausn á því að prýða götumyndina.

BORGARSKIPULAG REYKJAVÍKUR
Samþykkt í skipulagsnefnd 113 24.02.97
Samþykkt í borgarráði 25.02.97
Samþykkt í borgarstjórn

77.97 **Ánanaust,** *skipulag, breytt lóðamörk*
8999 Lagður fram uppdráttur Arkitekta Gunnars og Reynis sf, dags. 24.01.97, br. 21.02.97,
1.52 varðandi breytt lóðamörk við lóð hreinsistöðvar.
*Samþykkt. Borgarskipulagi falið að laga mörk athafnasvæðis við Ánanaust á tillögu að nýju aðalskipulagskorti að nýjum lóðum suðvestan við skólphreinsistöð.*




ÚTFÆRSLA Á LEGU ÁNANAUSTA ER UNNIN Í SAMRÁÐI VIÐ UMFERÐARDEILD REYKJAVÍKURBORGAR, UMFERÐARSÉRFRÆÐING GUNNAR INGA RAGNARSSON OG GATNAMÁLASTJÓRA

| ARKITEKTAR GUNNAR OG REYNIR S.F. | BREYTT. / DAGS. / TEIKN. | BORGARSKIPULAG REYKJAVÍKUR | SKIPULAG VIÐ ÁNANAUST | TEIKNING NR. 116—002 |
|---|---|---|---|---|
| LAUGAVEGI 18a 101 REYKJAVÍK<br>SÍMI: 552-4911 FAX: 561-4911<br>GUNNAR FRIÐBJÖRNSSON ARKITEKT FAÍ<br>REYNIR ADAMSSON ARKITEKT FAÍ | | | LÓÐ SÖLUSKÁLA AKID TAKID,<br>LÓÐ BENSÍNAFGREIÐSLU OLÍS,<br>EFNI | RA 24.01.97 1:1000<br>TEIKN. DAGS. MKV.<br>BREYTT: 21.02.97 R.A. |